

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

### 1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

### 2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

- Orðin „gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar“ í 2. tölul. falla brott.
- Á eftir 2. tölul. koma tveir nýir töluliðir og breytist röð annarra liða samkvæmt því:
  - setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna (sbr. 3. gr.) afhendingarskyldra aðila,
  - ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.

### 3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

### 4. gr.

Í stað orðsins „ljósrit“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: afrit.

### 5. gr.

Á eftir 1. másl. 9. gr. laganna kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Aðgangur að rafrænum skjala- og gagnasöfnum er þó fyrst veittur í Þjóðskjalasafni Íslands tuttugu árum eftir afhendingu þeirra til safnsins, enda hafi þau verið aðgengileg hjá umræddu stjórnvaldi til þess tíma.

6. gr.

Á eftir orðinu „filmum“ í 10. gr. laganna koma orðin: eða í rafrænu afriti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. september 2008.*